

Birting arfgerðagreininga á næmi fyrir riðusmiti í Fjávís.is

Nú er búið að lesa inn í Fjávís niðurstöður úr riðuarfgerðagreiningum fyrir allar kindur sem búið er að greina og hægt var að lesa niðurstöður inn fyrirhafnarlaust. Enn eiga eftir að koma upplýsingar úr sýnum sem þurft hefur að endurgreina og öllum sýnum sem fóru í greiningu eftir 20. maí.

Hægt er að sjá niðurstöður um arfgerðir í einstökum sætum en til frekari upplýsingar hefur verið sett upp litakerfi sem sem lýsir á einfaldan hátt næmi fyrir riðusmiti og hvernig skynsamlegt er að vinna með viðkomandi gripri í ræktunarstarfinu. Í þeim sýnum sem farið hafa í greiningu síðasta árið eru greind 6 sæti, þau þrjú sem þekkt voru og þrjú önnur sem gætu skipt máli varðandi næmi fyrir riðusmiti en í eldri niðurstöðum sem einnig eru inni í Fjávís er aðeins greining fyrir 2 sæti.

Fyrir samsettu arfgerðirnar úr þeim þrem sætum sem þekkt er að hafi áhrif í íslenska sauðfjárstofninum hefur verið sett upp eftirfarandi litakerfi

- **Dökk grænt flagg (ARR/ARR)** – Arfhrein verndandi arfgerð gegn riðu – öll afkvæmi erfa verndandi arfgerð frá foreldri, en arfgerð hins foreldris ræður þá hvað kemur á mótí verndandi arfgerð
- **Ljós grænt flagg (ARR/AHQ eða ARR/ARQ)** - Einstaklingar sem eru með verndandi arfgerð en eru arfblendnir fyrir lítið næmri eða hlutlausri – 50% líkur eru á að afkvæmi erfi verndandi arfgerð. Vilji menn vera vissir um að afkvæmi hafi fengið verndandi arfgerð eða lítið næma þarf að framkvæma arfgerðarpróf
- **Dökk blátt flagg (AHQ/AHQ)** – Arfhrein lítið næm arfgerð – öll afkvæmi erfa lítið næma arfgerð frá foreldri en arfgerð hins foreldris ræður því hvað kemur á mótí
- **Ljósblátt flagg (AHQ/ARQ)** – Einstaklingar sem eru arfblendnir fyrir lítið næmri arfgerð og hlutlausri – 50% líkur eru á að afkvæmin erfi lítið næma arfgerð og 50% líkur eru á að afkvæmi erfi hlutlausri arfgerð. Vilji menn vera vissir um hvora arfgerðina afkvæmi hefur fengið þarf að framkvæma arfgerðarpróf
- **Gult flagg (ARQ/ARQ)** – Arfhreinir gripir fyrir hlutlausri arfgerð. Arfgerð sem veitir enga vernd gegn riðuveiki og öll afkvæmi erfa þessa samsetningu frá viðkomandi foreldri. Arfgerð hins foreldris ræður þá hvað kemur á mótí þessari hlutlausu arfgerð
- **Appelsínugult flagg (ARR/VRQ eða AHQ/VRQ)** - Áhættuarfgerð en arfblendin fyrir verndandi eða lítið næmri arfgerð – ekki ætti að setja á undan þessum gripum nema að arfgerðarpróf liggja fyrir en 50% líkur eru á að afkvæmi erfi áhættuarfgerðina frá foreldri með appelsínugult flagg
- **Rautt flagg (ARQ/VRQ eða VRQ/VRQ)** – Áhættuarfgerð, arfhrein eða arfblendin á mótí hlutlausri arfgerð. Vilji menn rækta fyrir næmi fyrir riðusmiti ætti ekki að setja á undan þessum gripum.

Í þeim arfgerðagreiningum sem nú er verið að vinna er einnig greindur breytileiki í sætum 137, 138 og 151. Þetta eru sæti þar sem vísbendingar eru um að breytileikar séu til staðar sem geta skipt máli fyrir næmi fyrir riðusmiti. Þar sem þessir breytileikar eru ennþá ekki viðurkenndir sem áhrifavaldar í íslensku sauðfé hefur sú leið verið valin að merkja þá gripri sem bera erfðavísa sem eru áhugaverðir með gráu flaggi sem þýðir þá áhugaverður breytileiki sem er til skoðunar. Þetta þýðir að sumir gripir fá tvö flögg. Litað flagg fyrir samsetta arfgerð í sæti 136, 154 og 171 og einnig **grátt flagg** sem þýðir að áhugaverður breytileiki hafi fundist í einu eða fleirum af hinum þrem sætum (137, 138 og/eða 151).

Á mynd hér fyrir neðan má sjá dæmi hvernig upplýsingar um riðuarfgerðargreiningar koma út í gripaleit

21-937	2021	15-867 Lómi	19-812
21-421 Snabbi	2021	15-867 Lómi	20-866
21-427 Gullmoli	2021	19-849 Kostur	16-569
21-939	2021	15-867 Lómi	19-821
21-988	2021	20-412 Skuggi	15-514
21-422 Hemúll	2021	16-841 Sammi	19-825
21-419 Snáði	2021	15-822 Búi	19-822

Þegar DNA sýni hefur verið tekið og skráð inn í Fjávís fær viðkomandi gripur lítinn grænan DNA gorm fyrir framan númerið í gripalistanum sem merki um að til sé DNA sýni. Þegar niðurstaða hefur borist fær gripurinn merkingu með flaggi sem lýsir næmi fyrir riðusmiti og hvernig best er að vinna með viðkomandi grip í ræktunarstarfinu. Hér má sjá að búið er að taka DNA úr grip 21-397 en niðurstaða er ekki komin. Snabbi 21-421 er með ljósblátt flagg sem þýðir að hann sé arfblendinn fyrir lítið næmri arfgerð og hlutlausri. Gullmoli 21-427 er með dökkblátt flagg sem þýðir að hann er arfgreinn fyrir lítið næmri arfgerð. 21-393, Hemúll 21-422 og Snáði 21-419 eru arfhreinir fyrir hlutlausri arfgerð en 21-988 er með áhættuarfgerð, annað hvort í arfhreinu formi eða arfblendinn fyrir hlutlausri. Ef farið er með músarhappinn yfir flaggið inn í Fjávís birtist skýringartexti fyrir viðkomandi flagg. Ef farið er inn í upplýsingar fyrir hvern grip má nú einnig sjá nýjan flipa sem heitir Arfgerðagreiningar (DNA) þar má nálgast frekari upplýsingar um niðurstöðuna eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Gripaleit / [18-712](#) / [15-543](#) / [21-427](#) /

- Yfirlit grips ▶
- Ættartré ▶
- Afkvæmi ▶
- Flutningssaga ▶
- Heilsukort ▶
- Þungi ▶
- Kynbótamat ▶
- Lífðómur ▶
- Atburðayfirlit ▶
- Arfgerðagreiningar (DNA) ▶**

♂ 21-427 Gullmoli	
Sýnanúmer	Dagsetning innlesturs
9283	31-11-2021